

## **182. þingflokksfundur, miðvikudaginn 28. september 2016 kl. 13.08.**

Fundinn sitja: Ásta, Birgitta, Helgi Hrafn og Guðjón.

Berglind ritar fundargerð.

### **1. Fundargerð**

Fundargerð 181. þingflokksfundar var samþykkt.

### **2. Bréf af samráðsfundum**

Engir samráðsfundir hafa verið boðaðir.

### **3. Dagskráin í dag**

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag og verkum skipt.

### **4. Bréf af nefndafundum**

Helgi Hrafn gerði grein fyrir fundi umhverfis- og samgöngunefndar þar sem frumvarp um sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði var til umræðu. Birgitta greindi frá fundi umhverfis- og samgöngunefndar í hádeginu um raflínur að iðnaðarsvæðinu á Bakka og greindi frá stöðu mála í efnahags- og viðskiptanefnd. Ásta gerði að lokum grein fyrir breytingartillögum við LÍN frumvarpið.

### **5. Laun PR manneskju**

Kosningastjórn Pírata leitar eftir aðila í verkefnið og heldur þingflokki upplýstum.

### **6. Önnur mál**

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 13.19.